

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2011
2011020023/42-2
TB
jgo/tb

Vestfjarðarvegur milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði-tillaga að matsáætlun

Vísað er til umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 15. mars sl. vegna tillögu að matsáætlun fyrir Vestfjarðarveg milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er eftirfarandi málsgrein: *Í skýrslunni eru ekki settir fram margir kostir heldur er gert ráð fyrir að fylgja núverandi vegi að miklu leyti með frávikum á þverun fjarðanna, Mjóaffjarðar og Kjálkaffjarðar. Í matsáætlun segir að vegurinn skuli hannaður til að bera meira eða jafnt og 90 km hámarkshraða. Áherslan er því á styttingu vegar og hámarkshraða ásamt öryggi. Þessi áhersla þjónar fyrst og fremst þeim sem vilja komast hratt á milli staða. Eitthvað lengri leið með á köflum minni hámarkshraða getur vel sparað orkunotkun, haft minni áhrif á landslag þar sem gera má ráð fyrir minni öryggissvæðum, lækkað kostnað við vegagerðina og flýtt fyrir framkvæmdum en auk þess eykst öryggi við minni hraða. Þetta ber sérstaklega að skoða þar sem nú er komið bundið slitlag alla leið til Ísafjarðar og varfærin vegagerð, en nútímaleg og góð, sem tekur tillit til sérstöðu Breiðaffjarðar og landslags á sunnanverðum Vestfjörðum mun varla þykja annað en góður kostur í öllu tilliti.*

Íbúi á Bíldudal vakti athygli Náttúrufræðistofnunar á því að margir sem lesa síðustu setningu framangreindrar málsgreinar hafa skilið hana með þeim hætti að verið sé að leggja til að þeir sem búa á sunnanverðu Vestfjörðum geti farið á bundnu slitlagi leiðina um Ísafjörð sem er miklu lengri. Það er alls ekki svo. Að mati Náttúrufræðistofnunar er vel hægt að misskilja þessa setningu og vill stofnunin því skýra hana út. Það sem verið er að benda á er að „hringleið“ um Vestfirði er að myndast með nýrri vegagerð, sú sem er hér til umræðu og fleiri hugmyndir, og á endanum verður hún öll með bundnu slitlagi, vonandi sem fyrst. Aðstæður eru mismunandi á svæðinu og bent er á að ekki er endilega nauðsynlegt að hafa allsstaðar 90 km hámarkshraða heldur mættu vegir hafa minn hraða og í staðinn laga þá betur að náttúru og landslagi þar sem það er sérstakt, sem þó ekki minnkar öryggið. Misjafnar skoðanir geta síðan verið á því hvort ásættanlegt sé að hafa minni hámarkshraða.




Beðist er velvirðingar á því ef setningin var skilin þannig að verið væri að vísa íbúum jafnt sem öðrum aðra leið. Hér hefðu því fleiri orð verið betri en færri.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Sveitarfélög á sunnanverðum Vestfjörðum

